

GJALDSKRÁ

Geislavarna ríkisins.

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatakjum og geisla-virkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga um geislavarnir, nr. 44/2002, með síðari breytingum. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1. <i>Röntgentæki:</i>	kr.
a) Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka	75.560
fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	27.336
b) Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging	97.466
fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	35.745
c) Tölvusneiðmyndataeki og O-bogar	130.067
fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	75.623
d) Tannröntgentæki	37.689
fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	16.210
e) Tölvusneiðmyndataeki við tannlækningar	101.266
f) Iðnaðarröntgentæki (opin aðstaða)	63.844
fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	32.602
g) Dýralækningaröntgentæki	58.790
fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	18.929
h) Öryggisröntgentæki	42.959
fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni:	
fimm eða færri tæki	18.929
fyrir hvert tæki umfram fimm	13.676
i) Röntgentæki til efnarannsóknna og gæðaeftirlits í iðnaði	37.689
fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og með sama ábyrgðarmann	13.676
2. <i>Geislalækningateki, línuhraðlar og hringhraðlar</i>	98.664
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	33.513
3. <i>Geislavirk efni, opnar geislalindir:</i>	
Rannsóknastofa í flokki A eða sambærileg starfsemi	109.015
Rannsóknastofa í flokki B eða sambærileg starfsemi	74.143
Rannsóknastofa í flokki C eða sambærileg starfsemi	47.283
4. <i>Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:</i>	
a) Nifteindalindir eða hágeislavirkar lindir (sbr. viðauka 1 í reglugerð nr. 1298/2015 og ráðleggingar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar)	58.739
i) fyrir hverja nifteindalind/hágeislavirka lind til viðbótar hjá sama aðila	23.722
b) Kvörðunarlindir, allt að tíu á sama vinnustað og sem tilheyra sama ábyrgðarmanni	55.035
i) fyrir hverja kvörðunarlind umfram tíu lindir	5.503
c) Aðrar lokaðar geislalindir	55.035
fyrir hverja eins lind til viðbótar:	
i) fimm eða færri til viðbótar á sama stað með sama ábyrgðarmann	16.211
ii) fyrir hverja lind umfram fimm á sama stað með sama ábyrgðarmann	13.676
5. <i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:</i>	
Almennar TLD mælingar, fyrir hvert mælitímabil	2.894
Fyrir hvern TLD mæli sem tynist eða skemmist	8.427
Sérhæfðar TLD mælingar, fyrir hvert mælitímabil	5.788

Heimilt er að lækka eftirlitsgjald um 50% þegar ekki þarf að fara á staðinn heldur nægir að fara yfir gögn og mælingar. Það á við um staði þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við síðasta eftirlit og starfsemin er óbreytt.

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1. <i>Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreininga:</i>	kr.
a) Önnur röntgentæki en tannröntgentæki, þ.m.t. dýralækningatæki	18.854
b) Tannröntgentæki	12.569
2. <i>Vegna geislalækningatækja og línuhraðla</i>	31.423
3. <i>Vegna iðnaðartækja í opinni aðstöðu</i>	18.854
4. <i>Vegna öryggis-, efnarannsóknna og gæðaeftirlitsröntgentækja</i>	12.569
5. <i>Vegna nýrrar eða breyttrar aðstöðu</i>	18.854
6. <i>Vegna endurítgáfu leyfa (nýr ábyrgðarmaður eða kennitala leyfishafa):</i>	
fyrir allt að þrjú tæki/lindir	12.569
i) fyrir hvert tæki til viðbótar	3.292
7. <i>Vegna lokaðra geislalinda:</i>	
a) Notkun nifteindalinda eða hágeislavirkra linda (sbr. viðauka 1 í reglugerð nr. 1298/2015 og ráðleggingar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar)	31.678
b) Notkun annarra geislalinda en í a-lið	18.854
c) Innflutningur og/eða geymsla	18.854
8. <i>Vegna opinna geislalinda:</i>	
a) Ný starfsemi:	
i. Rannsóknastofa í flokki A eða sambærileg starfsemi	31.425
ii. Rannsóknastofa í flokki B eða sambærileg starfsemi	25.139
iii. Rannsóknastofa í flokki C eða sambærileg starfsemi	18.854
b) Árleg endurnýjun:	
i. Rannsóknastofa í flokki A eða sambærileg starfsemi	31.425
ii. Rannsóknastofa í flokki B eða sambærileg starfsemi	25.139
iii. Rannsóknastofa í flokki C eða sambærileg starfsemi	18.854
9. <i>Vegna framleiðslu geislavirkra efna</i>	251.342
10. <i>Vegna notkunar leysa og leysibenda:</i>	
i. Tónleikar og ýmsar sýningar, almenn afgreiðsla	26.622
ii. Tónleikar og ýmsar sýningar, hraðafgreiðsla (innan fjögurra virkra daga)	53.242
iii. Önnur notkun	12.569
11. Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 17.350 kr./klst. vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga um geislavarnir vegna annars en þess sem talið er upp hér að ofan.	

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu leyfis- og eftirlitsgjalda. Leyfis- og eftirlitsgjöld falla í gjalddaga við útgáfu reiknings með eindaga 30 dögum síðar.

4. gr.

Vegna endurtekinnar eftirfylgni eftirlits vegna þess að ekki er orðið við kröfum um úrbætur innan tiltekins tíma skal innheimt gjald skv. 5. gr. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna þess að ekki hefur verið orðið við kröfum um úrbætur sem gerðar voru við reglubundið eftirlit þrátt fyrir endurtekna eftirfylgni skal greiða fyrir það líkt og um reglubundið eftirlit væri að ræða.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 19.660 kr. fyrir sérfræðing og 14.914 kr. fyrir fulltrúa á hverja klukkustund fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í tvö ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislun eða geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, að fjárhæð 31.427 kr.

Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta 4.907 kr.

Fyrir mælingar á rafsegulsviði, útfjólublárrí geislun og geislun frá leysum skal stofnunin innheimta 62.853 kr. fyrir allt að átta mælingar á sama stað.

Ef mælingar á rafsegulsviði eru í vinnuumhverfi, þ.e. á svæði þar sem starfsfólk getur verið að störfum, skal stofnunin meta umfang hvernar mælingar fyrir sig og innheimta tímagjald fyrir veitta þjónustu skv. 5. gr.

Fyrir mælingu á geislun frá leysibendum skal stofnunin innheimta 12.569 kr. fyrir allt að fjórar mælingar. Fyrir hverja mælingu þar til viðbótar skal innheimta 3.142 kr.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. og 21. gr. laga um geislavarnir, nr. 44/2002, með síðari breytingum, öðlast gildi 5. janúar 2021. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Geislavarna ríkisins nr. 1146/2019.

Heilbrigðisráðuneytinu, 22. desember 2020.

F. h. r.

Ásta Valdimarsdóttir.

Ásthildur Knútsdóttir.